

Alþingi
Erindi nr. P 140/1855
komudagur 20.4.2012



FIJARÐABYGGÐ

Atvinnuveganefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis

150 Reykjavík

Fjarðabyggð 18.apríl 2012

Umsögn bæjarráðs Fjarðabyggðar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, þingskjal 1052 – 657, og frumvarp til laga um veiðigjald, þingskjal 1053 – 658.

Inngangsorð

Allt frá því að ný frumvörp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða litu dagsins ljós hefur bæjarráð og bæjarstjórn Fjarðabyggðar fjallað um og veit fyrir sér þeim áhrifum sem frumvörpin kunna að hafa á sjávarútveg og atvinnulíf í Fjarðabyggð. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi sjávarútvegs á Austurlandi sem jafnframt er ein helsta undirstaða atvinnulífs í sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Um 20% af fiskveiðiheimildum landsins eru á skipum sem skráð eru í Fjarðabyggð.

Sjávarútvegsfyrirtækin í Fjarðabyggð eru einn af burðarásunum í atvinnulífi sveitarfélagsins. Hjá þremur stærstu fyrirtækjunum; Loðnuvinnslunni Fáskrúðsfirði, Eskju á Eskfirði og Síldarvinnslunni á Norðfirði, starfa um 450 manns. Þessi fyrirtæki eru sérstaklega sterk í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski. Að auki eru tugir starfa í afleiddum störfum í kringum greinina m.a á netaverkstæðum, nótastöðvum, vélsmiðjum og rafmagnsverkstæðum.

Mikil fjárfesting hefur átt sér stað í sjávarútvegi í Fjarðabyggð undanfarin ár bæði í skipum og framleiðsiutækjum. Þetta hefur skilað sér í betra og öruggara umhverfi fyrir starfsfólk sem og aukið afköst og gæði afurða. Þar af leiðandi hafa laun aukist og útsvar hækkað.

Mikilvægt er að átta sig á þeim breytingum sem kunna að verða á atvinnurekstri í sveitarfélaginu, afkomu sveitarfélagsins og á samfélagið í heild með tilkomu þessara breytinga á lögnum. Í þeirri viðleitni ákvað bæjarstjórn Fjarðabyggðar að fá KPMG til að skoða áhrif frumvarpanna með útgáfu á skýrslu sem fylgir með umsögn þessari. Eins og skýrslan gefur til kynna hafa allar breytingar á núverandi kerfi mikil áhrif á sveitarfélagið og tekjur þess. Núverandi frumvörp, nr.657 og 658, munu hafa mikil áhrif á rekstur og framtíðarhorfur sjávarútvegsfyrirtækjanna í Fjarðabyggð, fyrirtækin sem selja þeim vörur og þjónustu og þ.a.l. afkomu sveitarsjóðs og hafnarsjóðs.



FIARÐABYGGÐ

Frumvarpið í tölum fyrir Fjarðabyggð skv. skýrslu KPMG

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, þingskjal 1052 – 657:

1. Aflaheimildir munu dragast saman um 1.721 þorskígildistonn eða 12.568 tonn. Skerðingin er um 4,5%. Áætlað er að beinar tekjur sveitarfélagsins minnki við þá skerðingu um 40 - 80 milljónir króna. Miðað er við skýrslu um áhrif laga nr. 70/2011 en þar var gert ráð fyrir að útsvarstekjur Fjarðabyggðar gætu dregist saman um 13-26 milljónir króna m.v. 550 þorskígildistonna samdrátt. Samkvæmt nýju frumvarpi er skerðingin nær þrefalt meiri.

Ekki er tekið tillit til þess tekjutaps sem gæti orðið ef fyrirtækin þurfa að hagræða enn frekar í mannahaldi, fækka skipum og framkvæma fleiri hagræðingaraðgerðir sem skerða munu útsvar sveitarfélagsins og tekjur hafnarsjóðs.

2. Ef frumvarpið nær fram að ganga liggur fyrir að a.m.k. einu skipi verður lagt og því má leiða líkum að því að töpuð störf á sjó og landi verði milli tuttugu og fjörutíu.
3. Samkvæmt skýrslu KPMG er mikil óvissa um þá fjárhæð sem útleiga á leiguvóta mun skila í gegnum kvótapiing til sveitarfélagsins. Sé miðað við höfðatölu er ljóst að tekjurnar munu ekki vega upp á móti lækkun útsvarsins skv. lið 1.
4. Kostnaður sjávarútvegsfyrirtækjanna við að leigja til baka heimildir, þannig að þau standi jafnstæð eftir, eru um 516 milljónir króna. Hins vegar er alveg óvíst að fyrirtækjunum muni standa til boða að leigja alla skerðingu til baka.

Frumvarp til laga um veiðigjald, þingskjal 1053 – 658:

1. Fast veiðigjald í Fjarðabyggð er 295 milljónir króna.
2. Sérstakt veiðigjald án makrills árið 2010 (m.v. óbreytta úthlutun 2011/12 og forsendur frumvarpsins) hefði verið um 2,8 milljarðar króna.
3. Veiðigjald á makríl m.v. kvóta 2011 hefði verið 574 milljónir króna
4. Veiðigjald á fyrirtækin í Fjarðabyggð verður samtals 3,4 milljarðar króna
5. Veiðigjald stærstu útgerðafyrirtækjanna í Fjarðabyggð í dag eru um 320 milljónir króna. Samkvæmt þessu nemur þetta tíföldun á veiðileyfagjaldinu.
6. Samkvæmt frumvarplnu er áætlað veiðigjald samtals um 745 þúsund krónur á hvern íbúa í Fjarðabyggð.



FIJARÐABYGGÐ

Umfjöllun

Af meðfylgjandi skýrslu og öðrum gögnum má sjá að áhrif breytinga á lögum um stjórn fiskveiða og frumvarpi laga um veiðigjald eru umtalsverðar og munu hafa neikvæðar afleiðingar fyrir atvinnulífið og sveitarfélagið Fjarðabyggð. Þess ber þó að geta að erfitt er að sjá fyrir hver endanleg niðurstaða þessara breytinga verður, m.a. vegna skorts á upplýsingum um reglur við úthlutun úr pottum. Á þetta bæði við um endanlega niðurfærslu aflaheimilda, fækkun starfa í sjávarútvegi og fækkun á afleiddum störfum. Óvissa er um í hve miklu mæli afli, af uppteknum aflaheimildum, skili sér til veiða og vinnslu að nýju í sveitarfélaginu hvort sem er í gegnum leiguvóta, strandveiðar, byggðakvóta eða til vinnslu frá útgerðum sem gera út frá öðrum stöðum á landinu. Hátt hlutfall landaðs afla í Fjarðabyggð er afli frá útgerðum skráðum annars staðar.

Niðurstaða sáttanefndar var sú að skipta ætti aflahlutdeildum í tvennt, annars vegar í nýtingarsamninga og hins vegar í svokallaða potta. Bæjarráð Fjarðabyggðar deilir ekki um þetta, en vill undirstrika að frumvarpið festir á engan hátt skiptingu á milli þessara tveggja flokka. Það er grundvallaratriði fyrir stöðugleika og þróun greinarinnar, starfsmenn í landi og á sjó, eigendur fyrirtækja og alla íbúa í Fjarðabyggð, að ekki verði skertar um of þær aflaheimildir sem nú eru í Fjarðabyggð og þær lagðar í potta sem engin trygging er fyrir að skili sér aftur í bæjarfélagið. Því þarf bæði að festa hlutfall á milli potta og gæta þess að ekki verði gengið um of á hagsmuni sveitarfélaga eins og Fjarðabyggðar. Skerðing aflaheimilda er mikil og mun hafa mjög neikvæðar afleiðingar í för með sér, m.a. í fækkun starfa. Fyrirtækin hafa fjárfest undanfarin ár í aflaheimildum, byggt upp og eflt byggðirnar hér við ströndina. Bæjarráð Fjarðabyggðar hafnar því að aflaheimildir verði fluttar úr sveitarfélaginu með opinberri íhlutun til úthlutunar eftir pólitískum leiðum um allt land. Slíkt er í raun handstýrður flutningur á störfum úr Fjarðabyggð.

Á undanförunum árum hefur átt sér stað mikil uppbygging í vinnslu uppsjávarfisks í Fjarðabyggð, samhliða aukningu á aflaheimildum í þeim tegundum. Stafar þetta að stórum hluta af því að landfræðilega liggur sveitarfélagið vel við löndun og vinnslu á uppsjávarfiski. Óvíst er hvort aðilar, sem leigt geta til sín aflaheimildir, muni byggja upp aðstöðu annars staðar til vinnslu eða eingöngu stunda veiðar og selja afla til vinnslu sem fyrir er í landinu. Hugsanlega kann slíkt að vera tækifæri fyrir vinnslustöðvar í sveitarfélaginu til að auka vinnslu í umræddum tegundum.

Vegna þeirra tölulegu staðreynda sem nú liggja fyrir, ásamt þeirri óvissu sem er í frumvarpinu, lýsir bæjarráð Fjarðabyggðar yfir þungum áhyggjum af áhrifum frumvarpsins enda ljóst skv. ofangreindu að áhrif af frumvarpinu munu hafa mikil neikvæð áhrif á sveitarfélagið og íbúa þess.

Bæjarráð ítrekar bókun bæjarstjórnar frá 9. júní 2011 um að mikilvægt sé að stjórnvöld og hagsmunaaðilar setjist aftur að sáttarborði og vinni að frumvarpi um sjávarútvegsmál sem styrki greinina til framtíðar, sníði þá agnúa af kerfinu sem hvað mest eru umdeildir, með hagsmuni Íslensks samfélags að leiðarljósi.

Það liggur ljóst fyrir að boðuð frumvörp munu hafa mikil áhrif á rekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna í Fjarðabyggð. Fyrir liggur að svigrúm fyrirtækjanna til fjárfestinga mun verða mun minna sem um leið hefur áhrif í samfélaginu, þar sem margir stórir og smáir þjónustuaðilar byggja rekstur sinn á



FJARÐABYGGÐ

ýmiskonar þjónustu við greinina. Skattheimta á þeim mælikvarða sem boðuð er í frumvörpunum, er gríðarleg færsla á fjármunum frá samfélaginu hér á Austfjörðum í ríkissjóð.

Þegar gerðar eru breytingar á umhverfi atvinnugreinar eins og sjávarútvegs, sem snertir afkomu og starfsöryggi fjölda fyrirtækja og starfsmanna þeirra um allt land, er nauðsynlegt að allir hagsmunaaðilar komi að því verki.

Bæjarráð Fjarðabyggðar telur að tillögur „sáttanefndarinnar“ hafi verið skref í rétta átt þar sem allir hagsmunaaðilar náðu niðurstöðu um þær breytingar sem hægt er að gera og yrði sátt við þjóðina.

Eins og fram hefur komið, og færð eru rök fyrir í þessu erindi, mun frumvarpið í þeirri mynd sem það liggur fyrir hafa veruleg neikvæð áhrif á atvinnulífið á svæðinu, tekjur sveitarfélagsins og samfélagið í Fjarðabyggð.

Bæjarráð Fjarðabyggðar mótmælir því framlögðum frumvörpum og hvetur stjórnvöld til að boða til breiðs samráðs um sátt og framtíð fiskveiðistjórnunar og auðlindaskatt á íslenskan sjávarútveg.

F.h. bæjarráðs Fjarðabyggðar

Gunnlaugur Sverrisson




cutting through complexity™

Áhrif á aflaheimildir Í Fjarðabyggð

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.
Þingskjal 1052 - 657.

Frumvarp til laga um veiðigjald
Þingskjal 1053 – 658.

5. Apríl 2012



Fyrirvari

- Í skýrslu þessari eru dregnar saman athuganir KPMG um áhrif breytinga í Fjarðabyggð á lögum á fiskveiðistjórnun sem lögð voru fram á alþingi í mars 2012. Er um að ræða tvö þingmál; Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (657. mál) Frumvarp til laga um veiðigjöld (658. mál)
- Við höfum við stuðst við upplýsingar og gögn sem við höfum aðgang að, auk ýmissa opinberra gagna. KPMG ber ekki ábyrgð á réttmæti allra þessara upplýsinga þar sem við höfum ekki staðfest áreiðanleika þeirra með neinum hætti.
- Við tökum fram að við höfum ekki sannreynt hvort þau gögn sem við höfum fengið séu tæmandi um hvert og eitt atriði. Við höfum gengið út frá því að þau ljósrit sem við höfum fengið afhent, og eftir atvikum útprentanir, séu rétt og gefi rétta mynd af frumriti. Við höfum ekki leitað upplýsinga frá utanaðkomandi aðilum, né kannað áreiðanleika fenginna gagna og upplýsinga hjá slíkum aðilum, nema þess sé sérstaklega getið.
- Ekki verður framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra ytri gagna sem stuðst verður við en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. Athygli lesenda skýrslunnar verður vakin á að slík könnun eða villa í heimildum gætti leitt til annarrar niðurstöðu um verkefnið. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem þannig er afiað né að þær séu tæmandi.
- Gert er ráð fyrir að skýrsla KPMG verði birt opinberlega eftir að hún hefur verið afhent og gerir KPMG ekki athugasemdir við það.
- KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar kunna að vera á grundvelli skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstöðna sem í henni eru, er hjá þeim aðilum er að málinu kunna að koma.
- KPMG fær greitt fyrir verkefnið í samræmi við unnar vinnustundir.

Í tengslum við þessa skýrslu má hafa samband við:

Magnús Jónsson

Endurskoðunarsvið

Partner

KPMG Ísland

magnusjonsson@kpmg.is

Flooi Eiríksson

Fyrirtækjasvið

Verkefnastjóri

KPMG Ísland

feiriksson@kpmg.is

Tel +354 545 6000

Fax +354 545 6003


Um verkefnið

Um breytingar á stjórn fiskveiða

- Miklar umræður hafa farið fram á undanfönum misserum um skipan fiskveiðistjórnunar við Ísland. Að hálfu fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra voru lögð fram tvö frumvörp á þingi í maí 2011 (mál nr. 826 og 827) og var annað þeirra, oft kallað í almennri umræðu „minna frumvarpið“ afgreitt sem lög frá Alþingi 19. júní 2011. Hitt frumvarpið kom ekki til efnislegrar meðferðar á þingi.
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lagði fram þann 26. mars 2012 „Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða“ (þingskjal 1052 – 657. mál). Sem hluta af umfangsmiklum breytingartillögum um umhverfi sjávarútvegs á Íslandi lagði ráðherra einnig fram „Frumvarp til laga um veiðigjöld. (þingskjal 1053 – 658. mál.)
- Frumvörpin eru nú bæði til meðferðar hjá Alþingi.
- Í tengslum við fyrri hugmyndir um breytingar á fiskveiðistjórnun vann KPMG úttekt á áhrifum þeirra frumvarpa á samfélagið í Fjarðabyggð. Þar var m.a. reynt að meta fjárhagsleg áhrif á breyttri úthlutun aflaheimilda á sveitarsjóð.
- Í þessari stuttu skýrslu er leitast við að draga saman helstu breytingar sem felast í Frumvarpi um stjórn fiskveiða (657. máli) og hvaða áhrif það hefur á aflaheimildir í Fjarðabyggð. Einnig er horft til áhrifa frumvarps um veiðigjöld.

Meginbreytingar í frumvarpinu

- Meginbreytingin sem felst í frumvarpinu er að aflahlutdeildum er skipt í tvo flokka. Annars vegar flokk 1, „Nýtingarleyfi“ og hins vegar flokk 2 „Önnur aflahlutdeild“. Undir nýtingarleyfi falla núverandi handhafar aflaheimilda en í annarri aflahlutdeild eru aðrar heimildir s.s. heimildir sem ráðstafað er á kvótapiingi, strandveiðiheimildir, bætur og byggðakvóti, línuvilkun, fiskveiðar til eigin nota og frístundaveiðar.



- Hér er að ofan er þessi grunvallarbreyting sett fram með myndrænum hætti.

Meginbreytingar

Meginbreytingar í frumvarpinu

- Framlag til kvótapiings samanstendur að stórum hluta af fiskveiðiheimilum sem eru innkallaðar hjá núverandi handhöfum aflaheimilda. Auk þess er gert ráð fyrir að ef aukning í heildarveiðiheimildum þorsks verður að þá renni fyrstu 4.500 tonninn óskipt til kvótapiings en komi ekki til úthlutunar með hlutfallslegum hætti hjá þeim sem nú hafa aflaheimildir.
- Hér að neðan er sýndar veiðiheimildir í flokki II miðað við núgildandi fiskveiðiár og óbreyttar heildarveiðiheimildir skv. VII bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Aflahlutdeild (Flokkur II)			
(þorskígildistonn)	Fiskveiðiárið 2011-2012 ¹	Aflahlutdeild í samræmi við frumvarp	
Strandveiðar	6.665		6.665
Línuvinnun	5.077		4.655
Byggðakvóti	6.204		3.100
Rækju- og skelbætur	2.010		1.340
Frístundaveiðar	252		335
Ráðstöfun til kvótapiings	-		15.500
- aukning heimilda ²	-		4.500
Áframeldi þorskur	420		420
Samtals án aukn.	20.628		32.015
Samtals með aukn.			36.515

Ath.¹ Makríl er ekki talinn með.

Ath.² Áætlun aukning heimilda er í samræmi við 3. mgr. 18. greinar.

- Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um starfsemi kvótapiings í reglugerð en þar er meðal annars heimilt að kveða á um: hámarks magn sem hver aðili getur boðið í og skiptingu milli tímabila. Einnig um fjármál, tryggingar, lágmarksverð, greiðslumiðlun og fleira.
- Eins og sjá má á ofangreindri töflu er samdráttur í ráðstöfun til línuvinnunar, byggðakvóta og rækju- og skelbóta. Auk þess eykst til að mynda ekki strandveiðiúthlutun þó gert sé ráð fyrir aukningu heildarheimilda.
- Á kvótapiingi yrði fast að 20.000 tonnum ráðstafað (m. aukningu) til samanburðar má nefna að heildarheimildir í Fjarðabyggð fyrir yfirstandandi fiskveiðiár í þorskígildistönum eru 37.803 tonn.
- Ekki liggur fyrir hvaða áhrif kvótapiing mun hafa á verðmyndun á aflaheimildum.

Veiðheimildir

Veiðheimildir útgerða í Fjarðabyggð

- Í töflunni hér fyrir neðan eru dregnar saman heimildir sem útgerðir heimilisfastar í Fjarðabyggð eru með. Byggt er á úthlutun fyrir kvótaárið 2011 – 2012 að óbreyttum lögum.
- Ekki er tekið sérstakt tillit til þeirra breytinga sem lög nr. 70/2011 sem samþykkt voru 19. júní síðastliðinn höfðu í för með sér. Hér er verið að draga fram breytinguna frá óbreyttu kvótakerfi til þess frumvarps er núna liggur fyrir.

Aflaheimildir útgerða í Fjarðabyggð - Núgildandi lög					
Tegund	Heildar afla-heimildir	Hlutfall útgerða í Fjarðabyggð	Hluti í tonnum	Þorskgildi	
Þorskur	177.000	4,3%	5.958	5.958	
Ysa	45.000	4,3%	1.483	1.320	
Ufsi	52.000	5,7%	2.373	1.495	
Karfi	40.000	3,5%	1.404	997	
Djúpkarfi	12.000	3,2%	383	322	
Keila	7.000	2,7%	171	63	
Langa	9.000	2,9%	209	115	
Grálúða	13.000	4,6%	545	1.155	
Skötuselur	2.500	0,7%	15	24	
Skarkoli	6.500	1,0%	57	39	
Steinbítur	10.500	3,1%	255	212	
Langlúra	1.300	0,4%	4	2	
Sandkoli	500	0,1%	0	0	
Skráplúra	200	0,4%	1	0	
Þykkvalúra	1.800	2,0%	32	37	
Sild	43.022	18,9%	8.118	1.055	
Loðna	591.371	26,5%	156.996	15.700	
Kolmunni	63.448	49,3%	31.262	4.064	
Norsk ísl-sild	99.365	28,0%	27.865	4.458	
Norsk ísl-sild 2	22.491	28,0%	6.307	1.009	
Þorskur Noregur	6.895	4,4%	253	253	
Þorskur-rússland	4.310	4,4%	158	158	
Úhafskarfi	9.926	2,9%	286	235	
Úthafs-rækja	-	-	-	-	
Innfjarðar-rækja	-	-	-	-	
Hörpudiskur	-	-	-	-	
Humar	2.100	-	-	-	
Samtals		20,0%		38.671	

Veiðiheildir skv. frumvarpi

Breytingar

- Í töflunni eru dregnar fram þær breytingar sem verða á aflaheimildum útgerða í Fjarðabyggð í samræmi við framkomið frumvarp.
- Eins og sjá má dragast heimildir saman um rúmlega 1.700 þorskigildistonn eða 4,5 %.
- Til samanburðar má nefna að í skýrslu KPMG um áhrif laga nr.70/2011 var gert ráð fyrir að aflaheimildir myndu dragast saman um 1,6% strax á fyrsta ári og samdrátturinn gæti numið allt að 1.100 þorskigildistönum þegar áhrif þess væru að fullu komin til framkvæmda.
- Gert var ráð fyrir að útsvarstekjur Fjarðabyggðar gætu dregist saman um 13 til 26 m. kr.

Aflaheimildir útgerða í Fjarðabyggð - í samræmi við ný lög								
Tegund	Heildar aflaheimildir	Frád. skv. Frumvarpi	Aflaheimildir	Hlutfall útgerða í Fjarðabyggð	Hluti í tonnum	Þorskigildi	Samdráttur í tonnum	Samdráttur í þorskigildum
Þorskur	177.000	-16.815	160.185	4,3%	5.821	5.821	-138	-138
Ýsa	45.000	-3.105	41.895	4,3%	1.501	1.336	18	16
Ufsi	52.000	-3.744	48.256	5,7%	2.323	1.464	-50	-31
Karfi	40.000	-2.120	37.880	3,5%	1.329	944	-74	-53
Djúpkarfi	12.000	-636	11.364	3,2%	363	305	-20	-17
Keila	7.000	-371	6.629	2,7%	162	60	-9	-3
Langa	9.000	-477	8.523	2,9%	198	109	-11	-6
Grálúða	13.000	-689	12.311	4,6%	516	1.094	-29	-61
Skótuselur	2.500	-133	2.368	0,7%	14	23	-1	-1
Skarkoli	6.500	-345	6.156	1,0%	54	37	-3	-2
Steinbítur	10.500	-1.029	9.471	3,1%	262	217	6	5
Langlúra	1.300	-69	1.231	0,4%	4	2	-0	-0
Sandkoli	500	-27	474	0,1%	0	0	-0	-0
Skrápfjúra	200	-11	189	0,4%	1	0	-0	-0
Þykkvalúra	1.800	-95	1.705	2,0%	31	35	-2	-2
Síld	43.022	-2.280	40.742	16,9%	7.688	999	-430	-56
Loðna	591.371	-31.343	560.028	26,5%	148.675	14.867	-8.321	-832
Kolmunn	63.448	-3.363	60.085	49,3%	29.605	3.849	-1.657	-215
Norsk ísl-síld	99.365	-5.266	94.099	28,0%	26.388	4.222	-1.477	-236
Norsk ísl-síld 2	22.491	-1.192	21.299	28,0%	5.973	956	-334	-53
Þorskur Noregur	6.895	-365	6.530	4,4%	240	240	-13	-13
Þorskur-rússland	4.310	-228	4.081	4,4%	150	150	-8	-8
Úhafskarfi	9.926	-526	9.400	2,9%	271	222	-15	-12
Úthafsækja	-	-	-	-	-	-	-	-
Innfjarðarrækja	-	-	-	-	-	-	-	-
Hörpudiskur	-	-	-	-	-	-	-	-
Humar	2.100	-111	1.989	-	-	-	-	-
Samtals	-	-	-	-	231.568	36.950	-12.568	-1.721

Um töfluna

- Í fremsta dálknum eru heildar aflaheimildir í samræmi við núverandi lög, í dálki 2 er frádrag í einstökum tegundum, í þriðja dálki aflaheimildir eins og þær munu standa. Hlutfall Fjarðabyggðar er síðan notað til að reikna út hiuta útgerða í Fjarðabyggð.
- Síðustu tveir dálkarnir sýna síðan samdráttinn, annars vegar í tonnum og hins vegar í þorskigildum.

Áhrif í Fjarðabyggð

- Eins og fram kom hér að fram er gert ráð fyrir að aflaheimildir í Fjarðabyggð skerðist um 1.700 þorskígildistonn. Til að meta þau áhrif er reynt að leggja mat á kostnað fyrir viðkomandi útgerðir við að leggja til sín þær heimildir á kvótapiingi.
- Miðað er við eftirfarandi forsendur:
- Útgerðaraðilar þurfa að leigja til sín 1.721 tonn til að vera jafnstæðir.
- Miðað er við kaupverð á aflaheimildum þorski skv. oplnberum upplýsingum

Kostnaður útgerða í Fjarðabyggð		
Magn (tonn)	Verð (kr)	Heildarverð (m.kr.)
1.721	300	516.252

- Til að haida óbreyttum heimildum þyrftu útgerðir í Fjarðabyggð að greiða rúmar 500 m.kr. miðað við ofangreindar forsendur. Nauðsynlegt er að hafa í huga að erfitt er að spá um hvernig verð mun þróast á kvótapiingi, almennt sem og í einstökum tegundum sem myndi hafa mikil áhrif á þessa fjárhæð en hér er miðað við leiguverð á kg. af þorski sé það sama og þorskígildis.
- Ekkil liggur fyrir hvaða takmörkunum á framsali ráðherra mun setja vegna viðskipta á fyrirhuguðu kvótapiingi.

Kostnaður við veiðigjöld

- Í fyrirbyggjandi frumvarpi eru veiðigjöld lögð á með tvennum hætti. Annars vegar grunnveiðigjald og hins vegar sérstakt veiðigjald sem verður tengt áætlaðri rentu.

Veiðigjöld - Forsendur	
Aflaheimildir	
Aflaheimild - Botnfiskur	12.057
Aflaheimild - Uppsjávar.	24.893
Aflaheimild alls	36.950
Fast gjald	
Fast gj. pr. kg.	8
Fast gjald - Botnfiskur	96.455
Fast gjald - Uppsjávar.	199.147
Fastgjald alls	295.602

- Í mati KPMG er miðað við þær aflaheimildir sem sýndar eru í töflunum hér að framan og eru heimildir í Makríl ekki inn í þeim heimildum til að gera samanburðinn betri.
- Gerð er grein fyrir áhrifum af veiðum vegna makrís hér að aftan.

Áhrif í Fjarðabyggð

- Hér að neðan er hægt að sjá áhrif breytinga í afkomu útgerðar og vinnslu á upphæð veiðigjaldsins.

Áhrif breytinga á afkomu á veiðigjald					
Botnfiskur					
<i>Veiðigjald pr. Kg.</i>	0	20	40	60	80
Fast gjald	96.455	96.455	96.455	96.455	96.455
Sérstakt veiðigjald	0	241.138	482.276	723.415	964.553
Samtals	96.455	337.593	578.732	819.870	1.061.008
Uppsjávarfiskur					
<i>Veiðigjald pr. Kg.</i>	20	40	60	80	100
Fast gjald	199.147	199.147	199.147	199.147	199.147
Sérstakt veiðigjald	497.868	995.736	1.493.604	1.991.472	2.489.340
Samtals	697.015	1.194.883	1.692.751	2.190.619	2.688.487
Veiðigjöld alls	793.470	1.532.477	2.271.483	3.010.489	3.749.495

- Fast veiðigjald í Fjarðabyggð er samtals 295 m.kr.
- Í neðri töflunni má síðan sjá áhrif af mismunandi veiðigjaldi eftir því hvort eru um botnfisk eða uppsjávartegundir að ræða. Ef til að mynda veiðigjald í botnfiski er 40 kr. og í uppsjávarfiski 60 krónur er heildar veiðigjöld í Fjarðabyggð (veiðigjald + sérstakt veiðigjald) 2,3 ma.kr.
- Hækkun á veiðigjaldi um 10 kr. á kíló í báðum flokkum leiðir til rúmlega 370 m.kr. hækkunar á veiðigjaldi.
- Skv. 11. gr. frumvarpsins um veiðigjald renna tekjur af veiðigjöldum óskipt í ríkissjóð.

Veiðigjöld fyrir 2010	
	kr.
Sérstakt veiðigj. Botnf.	50
Sérstakt veiðigj. Útsjávarf.	75
Veiðigjald+sérstakt veiðigj. Botnf.	699.301
Veiðigjald+sérstakt veiðigj. Uppsjávarf.	2.066.152
Samtals	2.765.453

- Í frumvarpinu kemur fram að sérstök veiðigjöld fyrir árið 2010 eru rúml. 50 kr. á kg. í bolfiski og rúml. 75 kr. á kg. í uppsjávarfiski.
- Í töflunni hér fyrir neðan er u veiðiheilmildir í makríl í Fjarðabyggð fyrir 2011 og áætlað veiðigjald af þeim. Gert er ráð fyrir 80. kr. á kíló í sérstakt veiðigjald.

Makrílvoti 2011 - Veiðigjald í Fjarðabyggð	
Kvóti	29.640
Hlutfall af heildarkvóta	18,4%
Þorskiöldi	6.521
Veiðigjald 8 kr.	52.166
Sérstakt veiðigjald 80 kr.	521.663
Samtals	573.829

Áhrif í Fjarðabyggð

Hlutur sveitarfélaga

- Gert er ráð fyrir að tekjum af útleigu veiðiheimilda verði deilt milli ríkissjóðs, sveitarfélaga og markaðs- og þróunarsjóðs fyrir sjávarútveginn (40%, 40%, 20%)
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig deila á niður hlut sveitarfélaga á einstök sveitarfélög. Hér að neðan er sett fram sú aðferð að deila mögulegum tekjum niður í samræmi við íbúafjölda.
- eru sýndar tvær útfærslur, annars vegar jafnað niður á alla íbúa og hins vegar niður á íbúa utan höfuðborgarsvæðisins.

Tekjur af leigukvóta			
	Forsendur	Verð á kíló (kr)	
		200	300
Leigupottur	15.500	3.100.000	4.650.000
Leigupottur m. aukn.	20.000	4.000.000	6.000.000
Hlutur sveitarfélaga	40%		
Leigupottur		1.240.000	1.860.000
Leigupottur m. aukn.		1.600.000	2.400.000
Heildaríbúafjöldi	319.412		
Íbúafjöldi utan höfuðborgsv.	116.246		
Fjarðabyggð	4.601		
% af heildaríbúafjölda	1,44%		
Leigupottur		17.862	26.793
Leigupottur m. aukn.		23.047	34.571
% af íbúum utan höfuðb.sv.	3,96%		
Leigupottur		49.079	73.619
Leigupottur m. aukn.		63.328	94.992

- Vakin er athygli á að hér er um eina nálgun að ræða og óvissa er um þá fjárhæð sem útleigan mun skila auk þess sem ekki liggur fyrir hvernig deila skai henni niður á einstök sveitarfélög. Taflan gefur gagnlega vísbendingu um mögulegar fjárhæðir.
- Setja má fram fyrirvara við það að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu myndi sætta sig við það að fá engan hlut í leigugjaldinu.
- Hlutur sveitarfélagsins Fjarðabyggðar miðað við ofangreindar forsendur er frá 18 m.kr. til 95 m.kr.
- Ekki hefur verið ráðist í það að greina áhrif frumvarpsins á útsvarstekjur sveitarfélagsins en vísað er skýrslu KPMG um áhrif laga nr. 70/2011.
- Beint er á að hér er um meiri samdrátt í aflaheimildum að ræða en þar var gert ráð fyrir auk þess sem álögur á fyrirtæki í sjávarútvegi aukast umtalsvert. Ekki liggur fyrir hvaða áhrif það mun hafa á rekstur þeirra og starfsemi en ætla má að þau verði margvísleg sem muni endurspeglast í tekjum sveitarfélagsins.



cutting through complexity™

© 2012 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative ("KPMG international"), svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn, kennimark og "cutting through complexity" eru skráð vörumerki KPMG International Cooperative ("KPMG International").